

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 17. janúar 2024
Málsnúmer: 202401-0041
SS

Efni: Umsögn um heimild til Hvammsvirkjunar

Vísað er í tölvubréf frá Umhverfisstofnun, dags. 29. desember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um áform Umhverfisstofnunar um að veita heimild skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála vegna breytingar á vatnshlotinu Þjórsá 1, vegna framkvæmda við 95 MW Hvammsvirkjun.

Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 gegnir Náttúrufræðistofnun Íslands ráðgjafarhlutverki og er Umhverfisstofnun til ráðgjafar varðandi atriði sem heyrja undir lögin m.a. með því að eiga fulltrúa í ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila. Umsagnarhlutverk Náttúrufræðistofnunar vegna ákvarðanatöku Umhverfisstofnunar er ekki skilgreint sérstaklega í lögum en eðlilegt að stofnunin veiti umsagnir um leyfisveitingar þar sem breyting verða á vatnshlotum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér áformaða breytingu á vatnshlotinu Þjórsá 1, vegna framkvæmda við Hvammsvirkjun og telur að í þeim gögnum sem fylgja umsagnarbeiðninni komi fram öll mikilvægustu atriðin sem taka þarf tillit til varðandi aðgerðina. Í greinargerðum og minnisblöðum sem unnin voru af Hafrannsóknarstofnun og Veðurstofnunni, samskiptum Umhverfisstofnunar og fyrrnefndra stofnana sem og við Landsvirkjun og í bréfi um leyfi Fiskistofu, er ítarlega fjallað um þau atriði sem nauðsynlegt er að taka til umfjöllunar í heimild Umhverfisstofnunar. Náttúrufræðistofnun hefur því litlu við það að bæta í sjálfu sér.

Stofnunin vill þó árétta mikilvægi þess að áfram þurfi að vinna að því að innleiða að fullu líffræðilega gæðapætti inn í vatnahring Vatnaáætlunar og skilgreina viðmið fyrir samþykktu gæðapætti. Oheppilegt er að fiskar séu ekki samþykktur gæðapáttur þar sem upplýsingar um stöðu laxa og annarra fiskistofna í íslenskum ferskvatnshlotum eru oft mun betri en upplýsingar um aðra lífríkispætti. Þá vantar viðmið fyrir gæðapáttinn botnhryggleysingja í jökulvatni og straumvötnum á hálendi sem bæta þarf úr. Náttúrufræðistofnun telur einnig að skoða þurfi hvort tilefni sé að rannsaka afleidd áhrif á annað lífríki, svo sem fuglalíf og útbreiðslu framandi tegunda, en líkt og fiskar eru þetta mikilvægir vísar á ástand vistkerfa.

Eins og kemur fram í gögnum frá Hafrannsóknarstofnun og Fiskistofu eru mótvægisáðgerðir sem tryggja far laxa upp Þjórsá með mikilvægustu aðgerðunum til að bæði tryggja áframhaldandi gott vistfræðilegt ástand vatnshlota í Þjórsá sem metið er að verði áfram svo með tilkomu Hvammsvirkjunar (þetta á einkum við um Þjórsá ofan við Hvammsvirkjun), sem og til að auka líkur á að vistmegin vatnshlota sem flokkuð verða sem breytt eða mikið breytt haldist gott, s.s. í Hagalóni. Afar brýnt er að vöktun Umhverfisstofnunar og annarra vöktunaraðila horfi einnig til þess að meta árangur mótvægisáðgerða og nýtist til endurskoðunar á þeim ef þörf er á. Þá er mikilvægt að aðrar mótvægisáðgerðir verði skoðaðar og framkvæmdar ef vöktun sýnir fram á neikvæðar breytingar á öðrum vistfræðilegum gæðapáttum, bæði líffræðilegum sem efna- og eðlisfræðilegum, bæði í vatnshlotum sem metin hafa verið í góðu ástandi, t.d. Þjórsá



bæði ofan og neðan Hvammsvirkjunar og þverám, sem og breyttum vatnshlotum, s.s. Hagalóni, þó sér í lagi þeim fyrrnefndu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

